

# Quo Vadis – Hvert stefnir þú, Ísland?

Eftir dr. Christian Ketels.

FYRIR þremur mánuðum skrifaði ég blaðagrein ásamt prófessor Michael Porter sem fjallaði um hvernig Ísland breyttist úr því að vera fyrirmynd útrásar og alþjóðavæðingar yfir í táknmynd alþjóðlegrar fjármálakreppu. Síðan þá hafa holskeflur kreppunnar skolið á ströndum Íslands og neyðaráðstöð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum



dr. Christian Ketels.

(AGS) og norrænum vinabjóðum hefur verið veitt. Stjórnarskipti hafa átt sér stað, kosningar eru ráðgerðar í apríl og bankastjórar Seðlabankans hafa verið beðnir að víkja. Viðbrögðin frá því bankahrunið átti sér stað hafa að mestu tekið mið af skammtímaafleiðingum hrunsins auk þess sem talsverð orka hefur farið umræður um hverjir bera ábyrgð. Slík fyrstu viðbrögð eru bæði edlileg og nauðsynleg. En nú er kominn tími til að Íslendingar horfi lengra og takist á við raunsæjar rökræður um hvað sé til ráða til að Ísland komist á beinu brautina á ný. Í fyrri grein okkar, settum við prófessor Porter fram þá skoðun að sterkar stoðir Íslands gæfu landinu góða möguleika á að snúa aftur á braut varanlegs hagvaxtar. En unskipti eru alls ekki sjálfgefin og tíminn vinnur ekki með Íslandi. Því lengur sem Íslendingar dvelja við fortíðina – þeim mun skadlegri verða áhrifin á samkeppnishæfi þjóðarinnar. Íslendingar verða því að hafa hraðar hendur og horfa bæði til skemmi og lengri tíma.

Við sjáum fyrir okkur fimm atriði sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á til að koma Íslandi á beinu brautina á ný. Í fyrsta lagi þá þarf að fara fram hreinskiptin umræða um orsakir og afleiðingar núverandi stöðu. Það þarf hins vegar að gæta að því að sumum af þeim framfaraskrefum sem tekin hafa verið í íslensku viðskiptaumhverfi á undanförunum árum verði ekki ranglega kennt um þann efnahagssamdrátt sem nú gengur yfir. Rannsóknir okkar á íslensku efnahagslífi sýna fram á að slíkar skoðanir væru misráðnar: Sú stefnumörkun sem leiddi til framfara í samkeppnishæfi Íslands átti ekki þátt í því að íslenska fjármálakerfið varð ofvaxið og óstöðugt. Einmitt þess vegna glímur Ísland nú við alvarlegan fjárhags- og

hagstjórnarlegan vanda, en ekki við vanda vegna skorts á samkeppnishæfi. Sumar þjóðir, eins og t.d. Ungverjaland og Eystrasaltslöndin, glíma við vanda á báðum þessum sviðum og munu því eiga mun erfiðara um vik með að snúa við blaðinu.

Nú skiptir sköpum að móta stefnu sem kemur í veg fyrir að öfgar fjármálakerfisins geti endurtekið sig en sú stefna má alls ekki grafa undan samkeppnishæfi atvinnulífsins. Í

því stjórn málaumhverfi sem nú ríkir á Íslandi verður þetta allt annað en auðvelt. Af skiljanlegum ástæðum ríkir mikil reiði í þjóðfélaginu og háværar kröfur eru uppi um algeran viðskilnað við stefnumál fortíðar. Samt er það nú svo að einungis stefnumörkun sem styður við aukið samkeppnishæfi getur flutt Ísland aftur á sama stig velferðar og hagsældar og þjóðin hefur átt að venjast á undanförunum árum. Ýmsar áherslur fyrri ríkisstjórna(r) sem hrint var í framkvæmd á undanförunum árum höfðu jákvæð áhrif á samkeppnishæfi, þó að sumir vilji kannski ekki viðurkenna það nú og einblína frekar á hin afdrifaríku mistök að hafa ekki komið í veg fyrir ofhitnun fjármálakerfisins. Grundvallarbreytingar á hagstjórn – með minni áherslu á samkeppnishæfi – gæti freistað þeirra sem vilja fjarlægjast öll stefnumál fyrri ríkisstjórna en slíkt myndi eingöngu koma í bakið á þjóðinni með skelfilegum afleiðingum.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að tryggja efnahagslegan stöðugleika til langs tíma. Skammtímaágerðir eru nú þegar í farvatninu í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en það verður líka að horfa til lengri tíma og taka afstöðu til grundvallarspurninga. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu væri stórt skref í þá átt að tryggja íslenska hagkerfinu stöðugleika með öruggri tengingu við umheiminn. Það væri þó rangt að taka ákvörðun um jafn flókið og margslungið viðfangsefni einungis til að milda þann skammtímavanda sem Íslendingar glíma nú við. Á hinn bóginn væru það líka mikil mistök að velja þessum möguleika ekki alvarlega fyrir sér í ljósi nýrrar efnahagslegrar heimsmyndar og óvissu.

Í þriðja lagi er það Íslandi nauðsyn að leggja höfuðáherslu á eflingu samkeppn-

» Nú skiptir sköpum að móta stefnu sem kemur í veg fyrir að öfgar fjármálakerfisins geti endurtekið sig en sú stefna má alls ekki grafa undan samkeppnishæfi atvinnulífsins.

ishæfi. Ef það er einhvern lærdóm hægt að draga af þeim efnahagsótgöngum sem nú dynja yfir er hann sá að eingöngu hagkvæm framleiðsla á vörum og þjónustu þar sem virðisaukinn skilar sér til raunverulegra viðskiptavina getur tryggt hagsæld og velferð til langs tíma. Efnahagslegur stöðugleiki og gott almennt viðskiptaumhverfi er nauðsynlegur grunnur en dugur ekki einn og sér, og þaðan af síður hvers kyns fjármálavafningar. Áherslu verður að leggja á nýsköpun og menntun. Þrátt fyrir umtalsverðar framfarir undanfarin ár stóð Ísland, áður en kreppan skall á, fremstu þjóðum heims enn nokkuð að baki þegar litið var til framleiðni vinnuaflsins miðað við hverja unna klukkustund. (Íslendingar hafa bætt það upp með því að vinna mun fleiri stundir en flestar aðrar þjóðir að meðaltali á hvern íbúa). Efla verður til mikilla muna þá viðleitni sem þegar hefur átt sér stað til bættrar framleiðni. Þetta er hægara sagt en gert í núverandi ástandi en reynsla Finna á fyrri hluta tíunda áratugarins gæti nýst Íslendingum þar sem þeim tókst að auka fjárfestingu í rannsókn, nýsköpun og menntun þrátt fyrir almennan niðurskurð á öllum öðrum sviðum, og þannig byggja til framtíðar.

Í fjórða lagi verður sérstök áhersla á virkjun fyrirtækjalöngvænna að vera á stefnuskránni. Ísland á sér sterkar rætur í nýtingu sjávarauðlinda, endurnýjanlegri orku og á nokkrum öðrum sviðum. Hingað til hefur tiltölulega lítið verið unnið með þá möguleika sem liggja í samvinnu þeirra aðila sem eru innan þessara klasa og á milli þeirra. Mörg þeirra íslensku fyrirtækja sem náð hafa góðum árangri starfa í tiltölulega einöngruðu umhverfi og njóta ekki kostanna af því að starfa í stærra samhengi þar sem fyrirtæki í skyldum rekstri styðja hvert við annað (ekki með beinu samráði heldur óbeint með heilbrigðri samkeppni, sameiginlegum grunn-

rannsókn, samnýtingu birgja, uppbyggingu þekkingar starfsfólks, o.s.frv.). Þess vegna eru þau viðkvæm þegar á bjátar líkt og nú (til dæmis eykst hættan á því að starfsemin flytji til annarra landa) og þau ná ekki að skila eins miklum verðmætum til íslensks samfélags og annars væri hægt. Uppbygging klasa ætti að vera ofarlega á blaði þegar forgangsraða þarf útgjöldum – til dæmis til nýsköpunar og menntunar – í litlu landi þarf að leggja áherslu á starfsemi sem felur í sér möguleika á miklum margföldunaráhrifum.

Að lokum þarf að eiga sér stað markviss umræða og stefnumótum varðandi hvers konar efnahagsuppbygging nýttist Íslandi best með tilliti til styrkleika og veikleika landsins og hvaða hlutverk þjóðin ætlar sér í efnahagskerfi heimsins til langs tíma. Þó að ýmis íslensk fyrirtæki hafi náð eftirtektarverðum árangri undanfarin ár var í mörgum tilfellum alls ekki ljóst hversu mikið velgengnin grundvallaðist á styrkleikum íslensks viðskiptaumhverfis. Skýr stefnumörkun varðandi með hvaða hætti Ísland ætlar að skapa verðmæti til langs tíma og á hvaða mörkuðum mun senda skýr skilaboð til hugsanlegra samstarfsaðila erlendis og auðvelda forgangsroðun innanlands. Núverandi klasar, og líka þeir sem eru í burðarliðnum, verða að vera hluti þessarar stefnumótunar – áhersla á stjórnun náttúruauðlinda (fiskur, orka) gæti einnig verið hluti hennar.

Djúp efnahagslægd getur auðveldlega leitt þjóðir í grafalvarlegar ógöngur í formi vixlverkunar ásakana, rífrilðis og sífellt versnandi efnahagsástands. En lægðin getur líka vakið upp nýjan kraft til nýsköpunar og uppbyggingar þannig að samfélagið standi sterkt en nokkru sinni fyrir. Við trúum því að íslenska þjóðin hafi getu og burði til að velja síðari kostinn.

Höfundur er hagfræðingur og starfar hjá stofnun Dr. Michael Porter við Harvard-háskóla í Boston um samkeppnishæfi (Institute for Strategy and Competitiveness- [www.isc.hbs.edu](http://www.isc.hbs.edu)). Dr. Ketels er ritstjóri vðamikilla rannsókna hjá Eystrasaltsráðinu og Norðurlandaráði á sviði samkeppnishæfi auk þess að stjóra samannburðarrannsóknunum fyrir Norðurlandaráð (Nordic Globalization Report) – en nýjustu niðurstöður á því sviði verða kynntar á fundi forsætisráðherra Norðurlanda nú í lok febrúar. Dr. Ketels hefur komið til Íslands nokkrum sinnum og skrifað skýrslur og rannsóknir á samkeppnishæfi Íslands undanfarin ár. Hákon Gunnarsson og Georg Lúðvíksson þýddu.